

SKIPULAGSSKRÁ

Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum.

1. gr.

Samvinna - starfsendurhæfing á Suðurnesjum er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjanesbæ. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum, er ekki rekin í ágóðaskyni og er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Markmið Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum er eftirfarandi:

Að endurhæfa þátttakendur til vinnu.

Að stuðla að auknum lífsgæðum þátttakenda.

Að stuðla að auknum lífsgæðum fjölskyldu þátttakandans.

Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða í áframhaldandi nám.

Samvinna - starfsendurhæfing á Suðurnesjum býður upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er á í samvinnu við félags- og heilbrigðisyfirvöld og mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.

3. gr.

Stofnendur Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum eru:

Félag iðn- og tæknigreina, kt. 410503-2040, Fjölbautaskóli Suðurnesja, kt. 661176-0169, Grindavíkurbær, kt. 580169-1559, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, kt. 511297-2819, Festa lífeyrissjóður, kt. 571171-0239, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, kt. 560298-2349, Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Sandgerðisbær, kt. 460269-4829, Starfsmannafélag Suðurnesja, kt. 611200-3230, Sveitarfélagið Garður, kt. 570169-4329, Sveitarfélagið Vogar, kt. 670269-2649, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, kt. 680269-5729, Verslunarmannafélag Suðurnesja, kt. 690269-0669 og Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, kt. 570101-2850. Því til staðfestu undirrita ofangreindir aðilar skipulagsskrá þessa.

Fjárhagslegar skuldbindingar Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Stofnfé Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum er 5.800.000 krónur og þar af er óskerðanlegt stofnfé 2.000.000 krónur. Framlag hvers ofangreindra er allt að 500.000 krónur.

4. gr.

Stjórn Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum er kosin á ársfundi til tveggja ára og er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Eru þeir tilnefndir af stofnendum. Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Stjórn Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum vinnur í samræmi við markmið stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og forstöðumanni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr.

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í maí ár hvert. Þar skal stjórnin gera grein fyrir starfi stofnunarinnar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Þar skal einnig fara fram kosning löggilts endurskoðanda og stjórnarfulltrúa. Á ársfundi gildir einfaldur meirihluti og hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði.

Ársfundur skal boðaður skriflega með viku fyrirvara. Tillögu um breytingar á skipulagsskrá Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum skal getið sérstaklega í fundarboði.

7. gr.

Stjórn Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

8. gr.

Tekjur Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum, auk vaxta af stofnframlagi, eru m.a. styrkir og samningar við ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, stéttarfélög, lífeyrissjóði, Vinnu-málastofnun og tekjur af þjónustu.

9. gr.

Til þess að Samvinna - starfsendurhæfing á Suðurnesjum geti náð megingiltangi sínum er henni heimilt að eiga samstarf við aðra og gera í því skyni samninga til lengri eða skemmri tíma.

10. gr.

Reikningsár Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok marsmánaðar ár hvert leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn Starfsendurhæfingar á Suðurnesjum til afgreiðslu:

Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.

Endurskoðaðan ársreikning síðasta starfsárs.

Reikningar Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir stofnaðilum og Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á liðnu ári.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 fulltrúa á ársfundi samþykkja slíkar breytingar enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

12. gr.

Starfsemi Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum verður slitið með ákvörðun 2/3 fulltrúa á ársfundi.

Verði starfsemi Samvinnu - starfsendurhæfingar á Suðurnesjum hætt og starfsendurhæfingin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

13. gr.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Fyrsta reikningsár er árið 2008.

14. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 22. ágúst 2008.

Ríkarður Mátsson sýslumaður.

Helgi Már Ólafsson.